

*Alþingi*  
**Erindi nr. þ 141/1496**  
**komudagur 11.2.2013**



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-12  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2013.

**Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um nr. 55/2009, um sjúkraskrár (aðgangsheimildir) þingskjal 639. - 497. mál.**

Öryrkjabandalagi Íslands (ÖBÍ) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2009 um sjúkraskrár (aðgangsheimildir).

Í frumvarpinu er lagt til að ákvarðanir landlæknis um leiðréttingu eða eyðingu upplýsinga úr sjúkraskrám verði endanlegar. Með þessu er mikið vald framselt til landlæknis og eftirlitsheimild ráðherra tekin út. Um ráðherra gilda lög um ráðherraábyrgð, pólitisk og lagaleg en slík ábyrgð er ekki að finna hjá landlækni. ÖBÍ telur að með þessu sé réttur sjúklinga þrengdur verulega og leggst því gegn þeim breytingum sem lagðar eru til á 14. gr. laganna og nýrri 15. gr. a um að „Ákvarðanir embættisins um aðgang að sjúkraskrá eru endanlegar á stjórnsýslustigi og verður ekki skotið til ráðherra.“

ÖBÍ bendir á að sú heimild að nema burt kærheimild er frávik frá meginreglu stjórnsýsluréttar og ákvæði um kærheimild í stjórnsýslulögum. Í 1. mgr. 26. gr. laga nr. 37/1993 er lögfest sú óskráða réttarregla að heimilt sé að kæra ákvörðun til æðra stjórnvalds, sé á annað borð slíku stjórnvaldi til að dreifa. Frávik verði ekki gerð nema með skýrri lagaheimild á grundvelli málefnaalegra sjónarmiða og þau koma ekki skýrt fram í þessu frumvarpi. Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnsýslu ríkisins eru nauðsynlegar til þess að tryggja réttaröryggi borgaranna í skiptum þeirra við yfirvöld. Ekki má því skerða heimild borgara til að kæra til æðra stjórnvalds.

ÖBÍ getur hins vegar fallist á breytingu 15. greinar í heild sinni um heimild til að veita nánum aðstandendum látins einstaklings aðgang að sjúkraskrá hins látna ef ríkar ástæður mæla með því. Hins vegar er brýnt að hægt sé að kæra ákvörðun í málinu til æðra setts stjórnvalds.

Virðingarfyllst,

Lilja Þorgeirs ÓBÍ  
framkvæmdastjóri